

A 1758/holdbart

Afgreiðsla Norræna sjálfbærninefndin

Nefndarálit norrænu sjálfbærninefndarinnar um
þingmannatillögu um stefnu á sviði endurvinnslu

Tillaga

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að útflutningur úrgangs megi einungis fara fram til fyrirtækja sem geta sýnt fram á endurvinnslu eða umhverfislega réttlætana förgun úrgangsins

að Norræna ráðherranefndin móti tillögu að sameiginlegri stefnu á sviði endurvinnslu allra tegunda úrgangs

að Norræna ráðherranefndin móti norrænt styrkjakerfi fyrir rannsóknir og þróun nýrra endurvinnsluaðferða og „zero waste-lausna“

Bakgrunnur

Flokkahópur jafnaðarmanna lagði fram þingmannatillögu um að beina þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að útflutningur úrgangs megi einungis fara fram til *landa* sem geta sýnt fram á endurvinnslu eða umhverfislega réttlætana förgun úrgangsins og að mótuð verði tillaga að stefnu á sviði endurvinnslu allra tegunda úrgangs og auk þess norrænt styrkjakerfi fyrir rannsóknir og þróun nýrra endurvinnsluaðferða.

Flokkahópur jafnaðarmanna segir ástæðu tillögunnar vera að stór hluti úrgangs á Norðurlöndum sé fluttur úr landi. Þegar úrgangur sé seldur teljist hann auðlind sem beri að endurvinna. Í reynd skapi þó stór hluti hins útflutta úrgangs umhverfisvanda í þeim löndum sem taka við honum. Þannig er málum háttáð t.d. í Kína þar sem stjórnvöld stöðva nú innflutning plastúrgangs. Bara árið 2016 fluttu vestræn ríki út sjö milljónir tonna plastúrgangs til Kína. Plastið sem flutt er út er venjulega sú tegund úrgangs sem erfiðast er að endurvinna. Sama á við um aðrar tegundir úrgangs þar sem endurvinnsla beinist aðeins að efnum sem auðvelt er að endurvinna á meðan efni sem erfitt er að endurvinna eru send til útlanda.

Á þann hátt er umhverfisvandi fluttur héðan til landa sem oft hafa ekki efni á að segja nei. Um leið og vandinn er sendur áfram til annarra landa missum við af mörgum hugsanlegum störfum og útflutningshæfri þekkingu.



Einnig var bent á að með því að taka í staðinn ábyrgð á eigin úrgangi og hagnýta hann gætu Norðurlandabjóðir verndað umhverfið og skapað ný störf í löndunum.

Norræna ráðherranefndin leggur áherslu á hringrásarhagkerfið, endurvinnslu og hagnýtingu úrgangs og er með fastan vinnuhóp sem er ætlað að afla þekkingar um málefni tengd úrgangi. Á undanförunum árum hefur Norræna ráðherranefndin unnið ötullega að málefnum plastúrgangs og árið 2017 samþykktu ráðherrarnir norræna áætlun til að draga úr umhverfisáhrifum plasts. Í áætluninni eru eftirfarandi stefnumótandi markmið:

1. Forvarnir gegn plastúrgangi og stuðningur við hönnun til að stuðla að aukinni endurnýtingu, lengri endingu og endurvinnslu
2. Skilvirk úrgangskerfi og aukin endurvinnsla plastúrgangs
3. Samstarf til að stöðva losun plastúrgangs í sjó og finna hagkvæmar lausnir til hreinsunar
4. Þróun þekkingar um örplast og greining aðgerða til að draga úr losun örplasts í umhverfið
5. Aukin þekking á umhverfisáhrifum lífræns og lífbrjótanlegs plasts
6. Aukin þekking á vandamálum tengdum endurvinnslu

Á samfundinum 2018 í Tromsø samþykkti nefndin að beina fyrirspurn til ríkisstjórna Norðurlanda um umfang útflutnings og innflutnings á úrgangi og reynslu af gildandi reglum og hvernig hægt er að herða reglurnar í þá veru sem óskað er eftir í tillögnum. Svarið frá ríkisstjórnunum var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 22. janúar.

Samantekt svarsins frá ríkisstjórnunum

Í svarinu frá ríkisstjórnunum er lögð áhersla á að úrgangur á grænni skrá og hættulegur úrgangur skuli teljast vera vara og að til sé markaður fyrir viðskipti með úrgang. Um úrgang á Norðurlöndum gilda alþjóðlegar reglur, þar á meðal tilskipanir ESB (t.d. úrgangstilskipun ESB) og alþjóðlegur samningur um hættulegan úrgang. Ekki er um þaulstjórnun að ræða og því styðjast löndin við mismunandi kerfi. Við útflutning ber samkvæmt þessum reglum að skipta úrgangi í tvo meginflokka: Annars vegar grænan úrgang sem ekki er talinn menga umhverfið við flutning og hins vegar hættulegan úrgang (tilkynningarskyldan) sem óttast er að kunni að menga umhverfið.

Bannað er að flytja út hættulegan úrgang til landa utan ESB/OECD/EES. Bannið er talið vera mjög mikilvægt til að koma í veg fyrir óæskilega meðferð hættulegs úrgangs. Útflutningur hættulegs úrgangs til landa innan nefndra efnahagsvæða er rökstuddur með því að í vissum tilfellum sé efnahagslega hagkvæmt að vinna úr honum í öðrum löndum.

Norrænu ríkisstjórnirnar telja að úrgangstilskipun ESB sé áhrifaríkt tæki til að fylgjast með flutningi hættulegs úrgangs en að það krefjist þess að til sé fjármagn til eftirlits og vöktunar. Gert er ráð fyrir að tilskipunin verði endurskoðuð.



Að því er varðar innflutning á úrgangi kemur fram í svarinu frá ríkisstjórnunum að í Svíþjóð hefur innflutningur á tilkynningarskyldum úrgangi tvöfaldast á árunum 2010 til 2016 en fjórfaldast í Noregi. Í Finnlandi og Danmörku er ástandið nánast óbreytt. Enginn innflutningur er til Færeyja og Íslands. Noregur og Finnland fluttu út u.þ.b. þrisvar sinnum meira árið 2016 en 2010. Í Danmörku er útflutningur sex sinnum meiri en árið 2010. Útflutningur hefur dregist lítillega saman í Svíþjóð.

Að því er varðar innflutning á hættulegum úrgangi hefur orðið nánast tvöföldun í Noregi og Finnlandi til ársins 2016 og í Danmörku er innflutningur fjórum sinnum meiri árið 2016 en árið 2010. Örlítil aukning hefur orðið í Svíþjóð.

Í Noregi er heildarútflutningur hættulegs úrgangs þrisvar sinnum meiri en árið 2010. Í Finnlandi og Færeyjum hefur orðið lítills háttar aukning. Útflutningur hefur aftur á móti dregist lítillega saman í Svíþjóð. Af svörunum að dæma flytur ekkert landanna hættulegan úrgang til landa utan ESB/EES að Danmörku undanskilinni sem árið 2016 flutti út 14 tonn af hættulegum úrgangi. Árið 2015 voru það 5.426 tonn.

Álit nefndarinnar

Nefndin skráir hjá sér að þrátt fyrir eftirlit með inn- og útflutningi á hættulegum úrgangi og úrgangi sem ekki er hættulegur séu mikil vandamál tengd uppsöfnun úrgangs í löndum sem ekki hafa getu eða tækni til að meðhöndla úrganginn með ábyrgum hætti. Þetta hefur í för með sér mikil umhverfis- og heilbrigðisvandamál. Nefndin staðfestir að lagasetning á vettvangi ESB virðist vera nægileg og að úrgangstilskipun ESB sé álitin áhrifaríkt tæki til að fylgjast með flutningi hættulegs úrgangs. Nefndin tekur fram að það krefjist þó þess að til sé fjármagn til eftirlits og vöktunar. Nefndin vísar til þess að gert sé ráð fyrir að tilskipunin verði endurskoðuð og er hún þeirrar skoðunar að taka beri skilyrði í kringum eftirlit og vöktun til athugunar.

Nefndin leggur áherslu á að úrgangsefni hafi oft mikið endurvinnsluvirði en tekur fram að skortur sé á tæknilegum lausnum til að bæta flokkun og endurvinnslu. Einnig er þörf á þekkingu á endurvinnslumöguleikum. Til dæmis sýni rannsókn vísindasamtakanna American Chemical Society frá 2018 að gull og kopar sem unnið er úr sjónvörpum geti verið, já, gulls ígildi. Í rannsókninni sýna kínverskir og ástralskir vísindamenn fram á að gullmagnið í hverju tonni af efni er meira en í venjulegum námum.

Í skýrslu sinni „Platform for Accelerating the Circular Economy“ lýsir World Economic Forum því hvernig við verðum öll að leggja okkar af mörkum til að snúa núverandi þróun við. „[Allir] gegna veigamiklu hlutverki við að draga úr úrgangi, halda verðmætum inni í hringrásinni, lengja efnahagslegan líftíma og endingu hluta og um leið auka möguleikann á að gera við þá, endurnýta og endurnota.“

Við meðferð sína á þingmannatillögunni hefur nefndin komist að því að þörf er á að fyrirtæki sem kaupa úrgang séu ábyrg fyrir meðferð úrgangsins. Nefndin leggur því til að tillögunni verði breytt á þann hátt að áhersla verði lögð á ábyrgð fyrirtækja, þ.e. að í fyrsta tillöguð komi fram að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu



ráðherranefndarinnar að útflutningur úrgangs megi einungis fara fram til *fyrirtækja* sem geta sýnt fram á endurvinnslu eða umhverfislega réttlætanalega förgun úrgangsins.

Í tengslum við afgreiðslu nefndarinnar á ályktunum Norðurlandaráðs æskunnar fyrir árið 2019 á janúarfundinum samþykkti nefndin að vinna áfram með ályktun Norðurlandaráðs æskunnar um „zero waste“.

Nefndin hefur í kjölfarið komist að þeirri niðurstöðu að mikil samsvörun sé á milli aðgerða í ályktun Norðurlandaráðs æskunnar um „zero waste“ og núverandi þingmannatillögu A 1758/holdbart um stefnu um endurvinnslu og leggur til að í stað þess að halda áfram vinnu við nefndartillögu um „zero waste-lausnir“ verði vísun til „zero waste“ bætt við þriðja tillögulið.

Stokkhólmi, 29. október 2019

Anders Kronborg (S)

Angelika Bengtsson (SD)

Anna Vikström (S)

Anna-Kaisa Ikonen (saml)

Cecilie Tenfjord-Toftby (M)

Erling Bonnesen (V)

Janine Alm Ericson (MP)

Johan Andersson (S)

Karl Kristian Kruse (S)

Ketil Kjenseth (V)

Kolbeinn Óttarsson Proppé (VG)

Liselott Blixt (DF)

Mikko Kärnä (cent)

Tillie Martinussen (SP)

Vilhjálmur Árnason (Sj.)

Åsa Karlsson (S)

Åslaug Sem-Jacobsen (Sp)